

Fundargerð

Boðað er til 141. fundar stjórnar VM, fimmtudaginn 20. febrúar n.k. kl. 11:00
Fundurinn verður haldinn í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinsson, Samúel Ingvason, Kristmundur Skarphéðinsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Agnar Ólason, Andrés Bjarnason, Brynjólfur Árnason, Þorsteinn Hjálmarsson og Símon Guðvarður Jónsson.

Dagskrá :

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr.140
2. Yfirferð yfir verkefni og stöðu kjaramála VM.

Formaður fer yfir verkefni og stöðu kjaramála. Segir frá því að samningur við Rio Tinto er tilbúinn og báðir aðilar orðnir sáttir hérlandis. Skrifstofa Rio Tinto erlendis hefur ekki gefið svar og undirskrift strandar á því.

Formenn stéttarféлага sem eiga félagsmenn á þessum kjarasamningi hafa fundað með forsætisráðherra, fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra til þess að fara yfir stöðu samningsins.

Bent var á að þessi staða sé óásættanlegt og óskar eftir því að stjórn VM sendi frá sér ályktun vegna þessa máls.

Ályktun

Stjórn VM gagnrýnir harðlega þá stöðu sem komin er upp í kjaradeilu féлага í VM og Rio Tinto. Það er ekki boðlegt að tilbúinn samningur um kjör starfsmanna álversins sé notaður til þess að semja um verð á orku

fyrir álverið sem er algjörlega óskylt mál. Sá samningur sem er á borðinu er í aðalatriðum það sem samið var um í lífskjarasamningurinn sem skrifað var undir á almennum markaði í maí sl. Kostnaðarauki vegna þessa samnings er að hámarki 0,5% af rekstrarkostnaði fyrirtækisins og því ljóst að fyrirtækið stendur ekki eða fellur með þessum samning. Stjórn VM krefst þess að Rio Tinto skrifi undir kjarasamning við sína félagsmenn strax enda er ekki boðlegt fyrir félagsmenn VM að bíða lengur eftir kjarabótum. Starfsmenn hafa verið samningslausir í rúma 10 mánuði og þolinmæðin þeirra er löngu þrotin. Samþykkt samhljóða.

Kjarasamningur vegna Faxaflóhafna mjakast áfram.

Kjarasamningur vegna Hafrannsóknarstofnunnar er enn laus og fundað er reglulega þar.

Fundað var með Orkubúi Vestfjarða, vonast er eftir því að klára hann fljótlega.

Í kjarasamning við HS-orku er verið að vinna í texta kjarasamningsins.

Tveir formlegir fundir hafa verið með SFS vegna kjarasamnings vélstjóra á fiskiskipum auk þess sem fundað hefur verið um önnur mál.

Sjómannadagsráð, sagt er frá því að þar þarf að kjósa nýjann stjórnarformann. Félög sem eiga aðild að Sjómannadagsráði þurfa að finna nýjann stjórnarformann.

Mikið álag hefur verið að kynna vinnutímastyttinguna hjá félaginu.

Farið yfir það að stjórnarmenn þurfa að staðfesta að þeir séu raunverulegir eigendur félagsins eins og allar stjórnir þurfa að gera á landinu.

3. Kosningar á aðalfundi.

- a. Kjörstjórn- lögð fram tillaga um kjörstjórn. Halldór Arnar Guðmundsson og Benóný Harðarson sem aðallmenn og Vignir Eyþórsson og Garðar Garðarsson sem varamenn. (Samþykkt samhljóma)
- b. Stjórn sjúkrasjóðs-lögð fram tillaga um stjórn sjúkrasjóðs
Formaður félagsins situr í stjórn sjúkrasjóðsins og einn sem fulltrúi frá stjórn. Þrír eru svo kosnir af aðalfundi. Formaður gerir tillögu um að rætt verði við þá sem sitja nú í stjórn um l að halda áfram.

4. Húsnæðismál.

Formaður félagsins kynnir kauptilboð 200 naglbíta í húseignina að Stórhöfða 25.

Formaður félagsins kynnir kauptilboð VM í húseignina að Stórhöfða 31.

Lagt var til að kosið verði um að formanni verði falið að klára húsnæðis kaupinn og hefja undirbúning við nýtt húsnæði. 7 samþykkja, 2 á móti.

5. Lagabreytingar. Formaður fer yfir það að breyta þarf reglugerðum í styrktar/sjúkrasjóðsins og leggur fram að tillögum verði vísað til laganevndar. Þessar breytingar eru fyrst og fremst til að aðlaga að því að hægt sé að taka við umsóknum með rafrænum hætti

6. Önnur mál.

A) Varamaður í stjórn kynnir stefnumótunarverkefni sem hann gerði um félagið í MBA náminu sínu. Formaður leggur fram tillögu um að fá utanaðkomandi sérfræðing frá Attentus til þess að fara í Stefnumótunarvinnu. (Samþykkt samhljóma)

- B) Formaður leggur fram bréf frá Íslenskum verðbréfum.
- C) Verðskrá orlofshúsa frestað til næsta fundar.
- D) Umræðu um úrsögn úr ASÍ. Samþykkt að rýna í þetta í stefnumótunarvinnunni.
- E) Umræðu um lagabreytingar um kjör stjórnar. Samþykkt að rýna lögin í stefnumótunnarvinnunni.

Fundi slitið 15:13.